



## Starfsreglur fyrir atvinnutengt nám

Atvinnutengt nám er ætlað nemendum í 9. og 10. bekk sem af ýmsum ástæðum s.s. námserfiðleikum, námsleiða og eða félagslegum erfiðleikum hafa dregist aftur úr í námi og líður almennt ekki vel í skóla.

**Markmið** með atvinnutengdu námi er að styðja við einstaklingsmiðað nám, bæta líðan nemenda, styrkja sjálfsmynd þeirra og gefa þeim kost á að kynnast ýmsum hliðum atvinnulífs.

Verkefnið er samstarfsverkefni Vinnuskóla Kópavogs, grunnskóladeildar Kópavogs og grunnskóla Kópavogs.

Gert er ráð fyrir að 10 - 12 nemendur geti á hverju skólaári verið í atvinnutengdu námi.

### Aðkoma og ábyrgð aðila að atvinnutengdu námi

Hlutverk grunnskóladeildar er að hafa yfirumsjón með verkefninu gagnvart grunnskólum og stýra inntöku nemenda í úrræði og skila upplýsingum um vinnustundir nemenda til launadeildar.

Hlutverk grunnskólanna (skólastjórnenda, náms- og starfsráðgjafa eða annarra sérfræðinga skólans) er:

- Sækja um inntöku fyrir nemendur til grunnskóladeildar.
- Finna hæfa samstarfsaðila í atvinnulífinu með hliðsjón af áhugasviði nemandans.
- Leita reglubundið eftir upplýsingum frá tengilið á vinnustað um hagi nemandans og mætingar.
- Skila upplýsingum um vinnustundafjölda fyrir 15. hvers mánaðar til grunnskóladeildar.

Atvinnubátttaka nemenda er á ábyrgð skólanna eins og í öðru skólastarfi og með samþykki foreldra.

### Launakjör

Nemendur í atvinnutengdu námi eru launþegar hjá Kópavogsbæ (Vinnuskóla Kópavogs) og njóta því atvinnu- og ábyrgðartryggingar sem slíkir, en ekki veikindaréttar. Miða skal við að vinnustundafjöldi fari ekki yfir 8 klukkustundir á viku. Ein klukkustund í atvinnutengdu námi jafnast á við 1,5 kennslustund.

Nemendur í 9. og 10. bekk, í atvinnutengdu námi, fá greitt tímakaup samkvæmt launaflokki út frá fæðingarári þeirra. Að auki er greitt orlof sem er 10,17% á laun.

Nemandi í atvinnutengdu námi sem veikist eða forfallast á annan hátt ber að tilkynna sínum vinnustað um forföll rétt eins og skólanum. Nemandinn fær þá daga sem hann forfallast ekki greidda.

Við útskrift úr grunnskóla fær nemandi sem verið hefur í atvinnutengdu námi afhent skjal þar sem fram kemur m.a. umsögn um frammistöðu á vinnustað, mætingar og tímalengd náms.

### **Umsóknir**

Sótt er um atvinnutengt nám á sérstöku eyðublaði sem skólar hafa og skal umsóknum komið til grunnskóladeildar menntasviðs.

Uppfært 6. apríl 2020